

„Það snýst allt í kringum trilluhornið“

Spjallað við Stefán Gunnlaugsson, aldinn sjómann á Dalvík

„Aðalstarfið hefur verið formennska á bát í „gamla tímanum.“ Það hefur orðið algjör breyting viðkomandi sjómennsku og öðru á þessum árum á svo til öllum sviðum, ég get ekki skilgreint gamla tímann beint nánar,“ sagði Stefán Gunnlaugsson 76 ára formaður á Dalvík í samtali við blm. „Ég var hér á tuttugu tonna bát, Gunnari Pálssyni, sem var hér einn stærsti báturinn.“ Stefán er einn af þessum gömlu, kyrrlátu og virðulegu mönnum, sem sitja gjarnan á bekk við bryggjuna og fylgjast með lífinu og vinnunni við sjóinn, eftir að hafa að mestu hætt þessu sjálfur. En ekki þó alveg því hann og eiginkona hans eiga það til að sigla út á litlu „bátskorni“ þegar vel viðrú á sumrin og veiða saman. Þá er hann formaður og hún hásetinn. Það er töggur í þeim, þau eru dugleg. Og ekki sízt vingjarnleg.

„Ég er fæddur frammi í sveitinni og var þar undir tvítugt, hjá foreldrum mínum. Fór til sjós svona tíma og tíma og fór einar fimm vertíðir til Vestmannaeyja, fyrst árið 1925. En þá var tregt um atvinnu hér, bátarnir litlir og eingöngu róid á sumarvertíð. Héðan byrjaði ég til sjós með lítið bátskorn árið 1930 og reri síðan héðan á stærri bátum fram til 1950 þegar ég hóf störf hér í fiskmjölsverksmiðju og vann þar í tuttugu ár. Þá var ég farinn að eldast og þreytast og bátarnir farnir að vera stærri. Ég hafði sjálfur ekki réttindi nema á 30 tonna bát. En um stríð reri ég frá Siglufirði nokkurn tíma.

Nei ég hef aldrei lært neitt, aðeins eitthvað smávegis í barnaskóla og tók svo vélanámskeið í vélaskólanum og fékk þar réttindi fyrir smámótora til að byrja með.

Veiðiaðferðir? Þar hefur orðið svo algjör breyting á, bæði líðan fólks og aðbúð ef miðað er við það sem ég þekkti. Það er ekkert líkt einu sinni.

Í bókinni „Í Verum“ eftir Theodór Jónsson er gamla tímanum lýst á réttan hátt, það verk er mjög gott hjá honum.“

Að hverju var helzt keppt?

„Að því að fiska sem mest. Ég held að það hafi farið verst með mann samkeppnin við aðra. Samkeppnin um að vera ekki minni en aðrir, eða

keppnin um að fá meiri afla en hinir. Þetta var mikill metnaður, en það lágu ekki gróðarsjónarmið þar að baki. Um helgar og alla daga fórum við út. Ef einn sást halda af stað varð maður líka að fara. Núna er þetta nokkuð breytt, þegar sjómenn eru farnir að semja um svokölluð helgarfri, það þekktist ekki hér áður. Sjálf-sagt er enn keppni í mönnum, en ekki svona vitlaus keppni.

Þá var aðbúðin önnur í skipunum. Engin mælitæki, ekki einu sinni dýptarmælur. Menn urðu að gera sér hugmyndir um það hvar aflann væri að finna. Núna eru gerð út skip til leitar á loðnunni og síldinni.“

Varstu fiskinn?

„Já, ég var það frekar á tímabili. Það gekk vel, en nú er karlagrobbið komið í mann,“ og hann hló við. „Gunnar Pálsson var einna beztu báturinn um tíma hér og það gekk frekar vel hjá mér. En það kostaði þetta vöðulega álag — keppni. Maður varð að vaka hvort einhver ætlaði út, enginn hélzt inni ef einn



Jóhann á bekknum góða

ætlaði út. Einhvern tíma var ég kallaður forystusauðurinn sem merkti þá hvað ég fór snemma af stað.“ Hann hló aftur og bað mig að skrifa þetta varlega því ekki vildi hann gera sig sekan um að vera með karlagrobb.

Mér datt í hug að spyrja hann hvort hann ætti bíl. „Jú, ég á bíl, en ég er bilaður í augunum og keyri ekki, var of gamall þegar ég keypti hann til þess að fá prófið. Á meðan maður var í slagnum, var ekki hugsað um annað en að fiska. Ég byrjaði reyndar að læra, en fékk ekki prófið. Þá keyra bara aðrir fyrir okkur.“

Sérðu eftir einhverju?

„Ja, ef til vill. Það fór allt í þetta kapp. Ég var alinn upp í mikilli fátækt heima og mér þótti því alltaf mikilvægt að vera sjálfstæður. Ekki það að við höfum búið við sult.“

Varstu heppinn með mannskap á bátinn í formennskutíð þinni?

„Já, afar heppinn, sumir voru með ár eftir ár. Út á mannskapinn var aldrei að setja, eins og aðbúnaðurinn

var þá heyrðist samt enginn kvarta.“

Þið hjónin siglið ennþá. Þú ert 76 ára og hún 71 árs. Hvað hafið þið aflað mest?

„Já, við höfum smáhorn og höfum róid sautján til átján sinnum í sumar fram á vikina. Maður hefur svo sem dottið í þetta í þrjá til fjóra tíma í einu. Það er ágætt að eyða tímanum á þennan hátt. Mest? Það var rokna afli,“ þau hlæja bæði. „Ja, það voru 253 kg í einum túrnunum.“

Þegar maður er orðinn svona gamall er erfðast að láta tímann líða. Það snýst allt í kringum trilluhornið, það verður að athuga hvort allt er í lagi með hitt og þetta í henni.“ Stefán hló og gerði grín að sjálfum sér, sem mér þótti lítil ástæða til að hann gerði, ekki sízt eftir að við höfðum öll fylgst saman niður á bryggju að trilluhorninu hjónanna og þau stukku saman um borð og leyfðu okkur að taka af þeim myndir. Ef þau búa ekki yfir lífskrafti, hver gerir það þá?

ÁJR



Þá er hann formaðurinn og hún hásetinn

Þórhildur Gunnarsdóttir:

Að undanfögnu hafa dagblöðin verið óskemmtileg lesning. Sérlega þeim, sem eiga börn. Í tvígang með stuttu millibili mátti sjá frétt um hörmuleg dauðaslys. Fórnarlömbin voru tvær 11 ára telpur, sem skyndilega eru hrifsaðar úr faðmi fjölskyldu sinnar.

Hve mörg börn hafa slasast, það sem af er árinu 1978? Hve margar ógnvekjandi upphringingar hafa átt sér stað, þar sem foreldrum er tilkynnt að barnið þeirra hafi orðið fyrir bifreið? Jafnvel á gangbraut. Hversu mörgum hefði verið hægt að forða? Það vitum við ekki, en tölulegar upplýsingar, sem Umferðarráð gefur um fjölda slysa eru vægast sagt uggvænlegar fyrir þetta ár. Nýútkomin skýrsla um þessi mál segir að fyrstu sjö mánuði þessa árs (jan.—júli) hafi 83 börn slasast, en á sama tíma í fyrra (1977) höfðu 56 börn slasast. Allt árið 1977 slösuðust 92 börn. Nú þegar í september er slysatalan í ár orðin hærrí.

Er ekki tími til kominn að vakna af dvalanum, í yfirspennu þjóðfélags, þar sem mínútan er meira metin en aðgæslan. Eða svo virðist

Vatns-lita-myndir og fleira frá Úkraínu

Á Kjarvalsstöðum hefur verið komið fyrir á göngum og einnig í skápum veitingastofunnar listmunum og vatnslitamyndum eftir listamenn austur í Úkraínu, sem er eitt Sovétríkjanna. Það verður varla sagt með sanni, að listsýningar sem okkur hafa borist úr þessum heimshluta, hafi vakið mikla spennu eða eftirtekt hjá okkur. Aðvitað að undanteknum litlum santrúðum hóp, sem ekkert sér nema gott úr þeirri átt og ekkert nema vont úr samfélagi vestræna þjóða. Morgunblaðið er heldur ekki þekkt fyrir að bera lof á Sovétmenn, en nú bregður svo við, að ég ætla að gera öllum þeim grikk, sem ekkert sjá nema hvítt og svart og hæla þeirri sýningu, sem nú er á Kjarvalsstöðum. Það kom mér nokkuð á óvart, hve fallegar sumar þessar vatnslitamyndir eru, en annar listiðnaður á þessari sýningu, sem er í einu orði sagt glæsilegur, kom mér ekki eins í bera skjöldu vegna þeirrar miklu hefðar, sem þróast hefur um langan aldur í þessum greinum þarna austur í Úkraínu.

Það eru 46 vatnslitamyndir eftir 11 listamenn á þessari sýningu. Sýningin í heild er aðvitað nokkuð misjöfn, en meirihluti hennar hefur mjög persónulegan og þjóðernislegan blæ. Kunnátta þessara listamanna er með ágætum og ekkert fúsk eða stílblagðagutl er hér á ferð.